

Dalabyggð  
Miðbraut 11  
370Búðardalur

Reykjavík 28. júní 2019  
UST201902-268/F.T.  
08.14.02

### Staða frávika

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti á urðunarstað Dalabyggðar að Höskuldsstöðum, þann 4. desember 2018.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Skráningar á 2.- 5. og 7.- 11. tölulið í grein 5.1 starfsleyfisins voru ekki aðgengilegar í eftirlitsferðinni. **Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.**
2. **Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Skýrsla um niðurstöður skráninga hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar en þeim ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. **Skýrslu, þar sem fjallað er um niðurstöður skráninga, hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar. Stofnunin gerði nokkrar athugasemdir við skýrsluna sem sendar voru rekstraraðila og fer stofnunin fram á að rekstraraðili skili framvegis skýrslum um niðurstöðum skráninga í samræmi við þær athugasemdir.**


**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur en aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 66.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Skúlí Þórðarson  
sviðsstjóri

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur